

Erindi: Ocean Diamond heimsókn 02.08 – 03.08

Sæl veriði,

Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum með að okkur sé úthlutað pláss á Norðurbakka á heimsókn okkar í dag og í gær, í stað Þverbakka. Nú erum við búin að koma fjórum sinnum í ár til Húsavíkur og í tveimur tilvikum þurft að leggjast að á Norðurbakka.

Útskýringin sem skipstjóri okkar fékk í gær er að fiskibáturinn Jökull þurfti að nota höfnina. Ég fylgdist með bátnum í gær, sem lá við bryggju austan við Þverbakkann og þegar hann sigldi út. Hann sigldi svo alveg meðfram Þverbakka þangað til hann var kominn vestan megin. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið vegna þess að höfnin er ekki nægilega djúp fyrir bátinn, og því þarf hann að fylgja hafnarkantinum.

Í grunninn er því vandamálið að höfnin er ekki nægilega djúp.

Við óskum eftir svörum við eftirfarandi spurningum hið fyrsta:

1. Hvenær verður Þvergarður dýpkaður?
2. Getum við gert ráð fyrir því að leggjast að Þvergarði í hvert skipti sem við komum næsta sumar, ef veðurskilyrði leyfa?

Við þurfum að meta stöðuna fyrir næsta ár út frá ykkar svörum við þessum spurningum.

Kostnaður við að leggjast að á Húsavíkurhöfn er mun hærrí en á sambærilegum höfnum eins og t.d. Vestamannaeyjahöfn, Seyðisfjarðarhöfn og Ísafjarðarhöfn. Þar að auki þurfum við að bjóða farþegum upp á transfer í bæinn þegar við liggjum að Norðurbakka, en í öðrum höfnum eins og t.d. á Akureyri þurfum við ekki að greiða fyrir slíkt þegar við erum sett á togarabryggjuna.

Við höfum sýnt nú þegar að okkur er alvara að vera lengur á Húsavík og eiga í frekari viðskiptum við fyrirtæki í bænum. Ég veit ekki um neitt annað skip í álíka rekstri sem er nálægt því að vera jafn lengi og við á Húsavík, eða 30 klukkustundir.

Eins og áður nefnt, óskum við eftir svörum við áður nefndum spurningum.

03.08.2021

Kærar kveðjur,  
Hermann Helguson  
Leiðangursstjóri Ocean Diamond

Cc: Guðmundur Kjartansson CEO